

Að þessu sinni er **Sinfóníuhljómsveit áhugamanna** þannig skipuð:

Konsertmeistari: Helga Ragnheiður Óskarsdóttir

1. fiðla

Helga Ragnheiður Óskarsdóttir
Jónína Þ. Thorarensen
Sigrún Andrésdóttir
Elísabet Vala Guðmundsdóttir
Rós Pétursdóttir
Jelena Kuzminova

2. fiðla

Hildigunnur Rúnarsdóttir
Una Sólveig Jóakimsdóttir
Hólmfríður Þorvaldsdóttir
Helga Andrésdóttir
Auðbjörg Nanna Ingvarsdóttir
Halla Björg Baldursdóttir
Brynhildur Höskuldsdóttir

Víóla

Páll E. Ingvarsson
Sölvi Karlsson
Finnur Jónsson
Súsanna Friðriksdóttir

Selló

Sverrir Teitsson
Anna Jörunn Stefánsdóttir
Sandra Ósk Snæbjörnsdóttir
Veronique Jacques
Matylda Hermanska
Anna Tryggvadóttir
Brynja C. Andrésdóttir

Kontrabassi

Roine Hultgren
Kjartan Guðnason
Jón Hörður Jónsson

Flauta

Karen Erla Karólínudóttir
Berglind Stefánsdóttir

Óbó

Sverrir Guðmundsson
Guðrún Másdóttir

Klarinett

Barclay Anderson
Jóhann Ingólfsson

Fagott

Alexander Reid
Þórður Magnús Tryggvason

Horn

Torfi Þór Gunnarsson
Erna Ómarsdóttir
Brynjar Björnsson

Trompet

Steinar Matthías Kristinsson
Jón Hafsteinn Guðmundsson

Pákur

Eggert Pálsson

Tónleikar Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna í Seltjarnarneskirkju

sunnudaginn 9. febrúar 2014, kl. 17:00

Létt og lipur Vínarklassík




Stjórnandi:
Oliver Kentish

Einleikari á fagott:
Sigríður Kristjánsdóttir



F. Schubert



Wolfgang
Amadeus Mozart



Oliver Kentish

Næstu tónleikar hljómsveitarinnar verða í Seltjarnarneskirkju sunnudaginn 23. mars.
Þá verður frumfluttur nýr píanókonsert eftir Eirík Árna Sigtryggsson.
Einleikari verður Tinna Þorsteinsdóttir.

Hljómsveitin þakkar Seltjarnarneskirkju ómetanlegan stuðning.
Hljómsveitin nýtur styrks Menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkur 2014.



Reykjavíkurborg



Efnisskrá:

F. Schubert: Forleikur í D-dúr, í ítölskum stíl, D590.

W. A. Mozart: Konsert í B-dúr fyrir fagott og hljómsveit, K191.



- I. Allegro*
- II. Andante ma Adagio*
- III. Rondo: tempo di menuetto*

HLÉ

W. A. Mozart: Serenaða í D-dúr , Pósthornsserenaðan, K320.

- 1. Adagio maestoso*
- 2. Menuetto. Allegretto - Trio*
- 3. Concertante. Andante grazioso*
- 4. Rondeau. Allegro ma non troppo*
- 5. Andantino*
- 6. Menuetto & Trio 1 - 2*
- 7. Finale. Presto*

HÖFUNDAR, TÓNVERK OG FLYTJENDUR:



Schubert (1797-1828) samdi tvo forleiki sem kenndir eru við ítalskan stíl, báða árið 1817. Ítölsk tónlist var sérlega vinsæl um þær mundir í allri Evrópu (Ísland þó tæplega talið með) og því mjög vænlegt til vinsælda að kenna tónlistina við Ítalíu. Sól Rossinis á Ítalíu reis hratt og skein skært. Nýbúið var að sýna ítölsku stúlkuna í Alsír við miklar vinsældir. Schubert tók sér frí frá því að semja sjöttu sínfóníu sína og samdi létta og lipra ítalska forleiki. Forleikur Schuberts sækir margt til Rossinis þegar vel er gáð.



Mozart (1756-1791) samdi **Fagottkonsertinn K191** þegar hann var 18 ára gamall og var þetta fyrsti konsertinn sem hann samdi fyrir blásturshljóðfæri. Hann lauk við hann 4. júní 1774. Talið er hugsanlegt að Mozart hafi samið tvo fagottkonserta til viðbótar en þeir eru glataðir. Konsertinn er líklega mest leikna verk allra fagott-tónbókmenntanna enda bæði skemmtilegur og fallegur. Fyrsti kaflinn er í hefðbundnu sönötuformi, hægi kaflinn er ljóðrænn og var raunar endurnýttur sem aría í óperunni Brúðkaupi Fígarós. Síðasti kaflinn er léttur dans í rondóformi.



Sigríður Kristjánsdóttir hóf fagottnámið 13 ára að aldri hjá Hafsteini Guðmundssyni í Tónmenntaskóla Reykjavíkur. Undir handleiðslu hans hélt hún áfram námi sínu í Tónlistarskólanum í Reykjavík og lauk þaðan burtfarar- og blásarakennaraprófi árið 2004. Sigríður stundaði síðan nám hjá Matthew Ruggiero við Boston University og útskrifaðist þaðan með meistaragráðu í fagottleik árið 2006. Hún hefur leikið með fjölda hljómsveita og má þar nefna Sinfóníuhljómsveit Íslands, Hljómsveit Íslensku óperunnar, Boston University Symphony Orchestra, Kammersveitina Ísafold og Orkester Norden. Sigríður hefur leikið með Sinfóníuhljómsveit áhugamanna með hléum frá árinu 1997. Meðal annars lék hún einleik með hljómsveitinni í fagottkonsert í C-dúr eftir Vivaldi í nóvember 1993, einnig í Sinfóníu konsertante í Es-dúr eftir Mozart í mars 1993. Sigríður er jarðeðlisfræðingur, lauk BS-prófi frá Háskóla Íslands 2010 og MS-prófi frá sama skóla 2013. Milli þess sem hún rannsakar jarðskjálfta og spilar fagottkonserta er Sigríður húsmóðir í Vesturbænum.

Á árunum 1774-1778 virðist Mozart hafa tekið sér frí frá sínfónúskrifum. Þess í stað samdi hann fimm serenöður á þessum tíma. Þetta krafðist þó ekki minni vinnu því serenöðurnar eru oft lengri og efnismeiri en sínfóníur hans. Þær voru gjarnan samdar af einhverjum tilefnum og voru þá eina verkið á efnisskránni. Nafn sitt dregur **Pósthornsserenaðan** af því að í seinni tríókaflanum bregður fyrir pósthorni. Það er klappalaus lúður sem notaður var til að tilkynna komu póstsins, sem sjá má meðal annars í merki allra póststofnana.